

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2023**

2023/EES/81/13

frá 28. apríl 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2291 frá 8. september 2022 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar hexaklóróbensen ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32022 R 2291:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2291 frá 8. september 2022 (Stjtið. ESB L 303, 23.11.2022, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2291, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 303, 23.11.2022, bls. 19.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.